

Ár 2011, fimmtudaginn 7. apríl kl. 18:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Ninna Sif Svavarsdóttir í forföllum Eyþórs H. Ólafssonar og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði formaður fram eftirfarandi dagskrárbreytingartillögu.

Við dagskrá bætist liður 4. „Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl 2011.“ Aðrir liðir í fundargerð breytist í samræmi.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Umhverfissráðuneytinu frá 14. mars 2011.**

Í bréfinu eru sveitarfélög hvött til að taka virkan þátt í degi umhverfisins sem haldinn verður 25. apríl.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Innanríkisráðuneytinu frá 29. mars 2011.**

Í bréfinu er kynnt seinkun á afgreiðslu stjórnsýslukæru vegna álagningar B-gatnagerðargjalda á Kletthlíð.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands frá 23. mars 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk vegna tónleikaferðar til Parísar.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

1.4. **Handverki og hugviti undir Hamri frá 18. mars 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir afnotum af Handmenntahúsi Grunnskólans við Breiðumörk næsta sumar.

Bæjararáð samþykkir erindi bréfitara enda verði afnot hússins í góðu samstarfi við skólastjóra.

1.5. **Morteni Ottesen frá 5. apríl 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær styrki handritagerð vegna heimildarmyndarinnar Skáldagatan í Hveragerði.

Bæjarráð lýsir yfir ánægju með metnaðarfullar hugmyndir bréfitara sem orðið geta til að tryggja varðveislu menningararfs Hvergerðinga. Með sanni má segja að hér í bæ hafi byggst upp eitt af fáum listamanna-samfélögum á Íslandi. Bæjarráð samþykkir að styrkja gerð

heimildamyndarinnar um 600 þúsund. Þrjú hundruð þúsund verði í formi vinnuframlags starfsmanna bæjarins, aðstöðu og tækja en 300 þúsund verði beinn fjárhagslegur stuðningur við verkefnið. Styrkurinn kemur til greiðslu þegar tölur við myndina hefjast.

1.6. **Unni Ásu Jónsdóttur frá 4. apríl 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær greiði lóðarhafa lóðarinnar Álfafell 1 útlagðan kostnað vegna deiliskipulagstillögu sem unnin var en aldrei komst til framkvæmda á lóðinni.

Bæjarráð samþykkir að greiða helming af kostnaðnum við gerð deiliskipulagstillögunnar. Ríkissjóður hefur samþykkt að endurgreiða gatnagerðargjöld og byggingarrétt á lóðinni í samræmi við reglur um slíka endurgreiðslu vegna lóða þar sem hús voru rífin í kjölfar jarðskjálftans 2008. Samþykkt bæjarráðs byggir á þeirri staðreynd að lóðarhafar höfðu lagt út í umtalsverðan kostnað vegna skipulagstillögu sem ekki verður nýtt.

1.7. **Skógræktarfélagi Hveragerðis frá 5. apríl 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir samstarfi við Hveragerðisbæ við að bæta umhverfið á skógræktarsvæðinu undir Hamrinum og einnig norðan Hamarsins í vor og sumar.

Bæjarráð þakkar það rausnarlega fjárframlag sem Skógræktarfélagið er tilbúið að setja í umhverfisúrbætur á Skógræktarsvæðum bæjarins. Mun þetta framlag verða mikil lyftistöng á þessu svæði. Bæjarráð felur umhverfisráðgjafa og umsjónarmanni garðyrkju og umhverfis að ræða við bréfitara um nánari útfærslur á samstarfinu.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Samkomulag við Brunavarnir Árnessýslu.**

Lagt fram samkomulag við Brunavarnir Árnessýslu þar sem slökkvilið Hveragerðisbæjar sinnir útköllum í vesturhluta Sveitarfélagsins Ölfuss og Brunavarnir Árnessýslu sér um eldvarnaeftirlit í Hveragerði. Samkomulagið er til 15. júlí 2011.

Samkomulagið samþykkt.

2.2. **Samningur við Scandi Hall (v/ breytinga á greiðslumáta).**

Lagður fram breyttur samningur við Scandi Hall þar sem greiðslumáti hefur verið breyttur.

Bæjarstjóri kynnti breytingar sem gerðar hafa verið á samningnum þar sem norskur viðskiptabanki Scandi Hall hefur neitað að taka við ábyrgðum frá íslenskum bönkum og/eða Lánasjóði íslenskra sveitarfélaga. Eina leiðin sem Norðmenn samþykkja er að andvirði hússins verði að fullu lagt inná lokaðan reikning í hinum norska banka og þaðan verði greitt út í samræmi við framvindu verksins (90% við afhendingu og 10% við lok uppsetningar). Ennfremur kynnti bæjarstjóri að stefnt er að formlegri undirritun samningsins í opinberri heimsókn forseta Slóveníu til Íslands í maí nk.

Bæjarráð samþykkir nýja samninginn með tveimur atkvæðum meirihlutans sem gerðu grein fyrir atkvæðum sínum með eftirfarandi bókun:

Þessa óvæntu og fáheyrðu stöðu sem upp kom þegar ganga átti frá undirskrift samningsins má þakka bágbornu efnahagsástandi okkar Íslendinga. Greiðslan út mun bera norska innlánsvexti þann tíma sem hún liggur óhreyfð á reikningi þar. Nýsamþykkt þriggja ára áætlun gerir ráð fyrir fjárfestingu fyrir 144 mkr á árinu 2012 og mun þessi breyting hafa áhrif við gerð fjárhagsáætlunar fyrir það ár.

Róbert Hlökkversson á móti með eftirfarandi bókun.

Í ljósi ótryggðs efnahagsástands þykir mér rétt að málinu verði frestað þar til staðan í efnahagsmálum skýrist.

2.3. Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa frá 4. apríl 2011 vegna legu affallsstokks við Breiðumörk 22.

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa vegna breytinga á legu affallsstokks við Breiðumörk 22. Kostnaður við verkið er áætlaður um 6 mkr.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar sem fram koma í minnisblaðinu og felur skipulags- og byggingafulltrúa að fara í útboð á verkinu.

3. Tæknileg málefni:

3.1. Umsókn um leyfi til hundahalds.

Lögð fram umsókn frá Írisi Helgu Valgeirsdóttur þar sem hún sækir um leyfi fyrir Rottweilerhundinum Christel.

Bæjarráð hafnar erindi bréfitara. Málið er í farvegi hjá sýslumanni og þar til niðurstaða liggur fyrir mun hundaleyfi fyrir umræddum hundi ekki verða veitt.

3.2. Umsókn um framlengingu á leikskóladvöl vegna flutnings.

Lögð fram umsókn um framlengingu á leikskóladvöl vegna flutnings úr sveitarfélaginu Kópavogi.

Bæjarráð hafnar erindi bréfitara þar sem ekki hefur verið sótt um leikskóladvöl fyrir barnið í Hveragerði. Skilyrði fyrir samþykkt erinda sem þessara er að börn séu á biðlista hér og hafi ekki fengið boð um leikskóladvöl.

4. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl 2011.

Lögð fram kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldin verður 9. apríl 2011. Á kjörskrá í Hveragerði eru 862 karlar og 848 konur eða alls 1710. Búsettir erlendis eru 89 eða 5,2% kjósenda.

Kjörskráin staðfest samhljóða.

5. Verkfundagerðir:

5.1. Gatnagerð í Hveragerði 2010 frá 28. mars 2011.

Fundagerðin samþykkt.

6. Fundargerðir til kynningar:

6.1. Stjórnar SASS frá 18. mars 2011.

6.2. Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 11. og 17. mars 2011.

6.3. Stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 4. apríl 2011.

6.4. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands frá 28. mars 2011.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:08

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)